

Rammasamningur

milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og talmeinafræðinga, sem fengið hafa samþykkt SÍ til að starfa samkvæmt samningi þessum um talmeinaþjónustu.

1. gr. Gildissvið

SÍ og talmeinafræðingar gera með sér samning um talmeinaþjónustu á eigin stofum talmeinafræðinga utan stofnana fyrir einstaklinga sem eru sjúkra- eða slysatryggðir skv. lögum nr. 112/2008 um sjúkratryggingar eða lögum nr. 100/2007 um almannatryggingar.

2. gr. Aðild

Eftir samningi þessum geta starfað talmeinafræðingar sem fengið hafa starfsleyfi og reka eigin starfsstofur á Íslandi og fullnægja kröfum skv. samningi þessum. Talmeinafræðingar sem vilja gerast aðilar að samningi þessum skulu senda umsókn um aðild til SÍ. Umsóknareyðublað er fylgiskjal VI með samningi þessum.

SÍ skulu svara umsóknum innan tveggja mánaða frá því að umsókn ásamt öllum nauðsynlegum gögnum barst SÍ. Í svari skal koma fram hvort og hvenær talmeinafræðingi sé heimilt að hefja störf. Þegar nýr talmeinafræðingur óskar eftir aðild að samningi leggur samstarfsnefnd mat á þjónustupörf sem haft verður til hliðsjónar við afgreiðslu umsóknar.

3. gr. Kröfur til talmeinafræðings

Þjónusta sú, sem samningur þessi tekur til, skal unnin af talmeinafræðingi sem hlotið hefur starfsleyfi landlæknis, sbr. lög nr. 41/2007 um landlækni og lýðheilsu og lög nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn, sbr. einnig reglugerð nr. 1125/2012 um menntun, réttindi og skyldur talmeinafræðinga. Hann skal hafa að lágmarki tveggja ára starfsreynslu sem talmeinafræðingur og sé móðurmál hans annað en íslenska þarf hann að hafa gott vald á íslensku máli (í það minnsta B2 á samevrópska matsrammanum fyrir tungumál).

Talmeinafræðingur skal stunda viðurkennda talmeinaþjónustu og starfa samkvæmt siðareglum Félags talmeinafræðinga á Íslandi (sjá nánar á heimasíðu Embættis landlæknis). Hann skal uppfylla allar opinberar kröfur um faglega þjónustu, rekstur og eftirlit. Talmeinafræðingur á samningi þessum starfar samkvæmt klínískum leiðbeiningum og eftir viðurkenndum starfsháttum Evrópusamtaka talmeinafræðinga, CPLOL (Committee of Speech and Language Therapists) og Alþjóðasamtaka talmeinafræðinga og heyrnarfræðinga, IALP (International Association of Logopedics and Phoniatrics).

Sjá nánar á heimasíðum:

- <http://www.cplol.eu/eng/>
- <http://ialpasoc.info/sites/default/files/Revised%20IALP%20Guidelines%20for%20Initial%20Education%20of%20SLT.pdf>

Um færslu og varðveislu sjúkraskráa talmeinafræðinga gilda lög nr. 55/2009 um sjúkraskrár.

Talmeinafræðingur skal tilkynna SÍ á hvaða tíma þjónusta hans stendur sjúklingum til boða. Hann skal tilkynna SÍ um mögulegar breytingar á staðsetningu stofu.

Talmeinafræðingur skal gæta þess að tímasetningar pantaðra tíma sjúklunga standist sem best og gera sjúklingi viðvart í tæka tíð, þurfi hann að breyta tíma.

Talmeinafræðingur skal gæta ýtrustu hagkvæmni gagnvart sjúkratryggingum landsmanna með hliðsjón af viðurkenndum fræðum í talmeinaþjónustu.

Þegar talmeinafræðingur hefur lokið meðferð á sjúklingi skal hann senda tilvísandi lækni sjúklings skýrslu um niðurstöður sínar eða annað sem skiptir máli. Sé tilvísandi læknir ekki heimilislæknir sjúklings skal talmeinafræðingur jafnframt senda skýrslu um niðurstöður sínar til heimilislæknis sjúklings eða til heilsugæslustöðvar sjúklings sé hann ekki með skráðan heimilislækni.

4. gr. Sjúkdómsgreiningar

Forsenda fyrir meðferð er að fyrir liggi skrifleg þjálfunarbeiðni með sjúkdómsgreiningu frá lækni.

Meðferð, sem greidd er samkvæmt samningi þessum, tekur til eftirtaldrá sjúkdóma, slysa eða málhamlana:

Radd-, tal- og lestruflanir auk annarra truflana er tengjast táknrænni úrvinnslu o.fl.:	
ICD-10	Kóði íslenska/enska
R13.0	Kyngingartregða (dysphagia) vegna sköddunar í taugum/vöðvum, heilalægrar lömunar (CP), eða vegna skaða í heila/heilastofni (t.d. vegna ýmissa taugasjúkdóma eins og Parkinsonssveiki, Motor Neuron Disease (MND), Multiple Sclerosis (MS), Myesthenia Gravis (MG) o.fl.)
R47.0	Málstol barna og fullorðinna (acquired aphasia), tjáningarstol (Broca's Aphasia), skilningsmálstol (Wernicke's Aphasia), málfræðistol (agrammatism)
R47.1	Slappleiki/stirðleiki í talfærum, t.d. þvoglumæli eða framsagnartregða (dysarthria og anarthria), vegna sköddunar í taugum/vöðvum, heilalægrar lömunar (CP), eða vegna skaða í heila/heilastofni (t.d. vegna ýmissa taugasjúkdóma eins og Parkinsonssveiki, Motor Neuron Disease (MND), Multiple Sclerosis (MS), Myesthenia Gravis (MG) o.fl.)
R47.8	Aðrar ótilgreindar taltruflanir, t.d. skert vitræn starfssemi (cognitive impairment) á sviði áttunar (í tíma, rúmi og gagnvart fólki), úrlausnar hagnýtttra mála í daglegu lífi og minnstruflana
R48.0	Lestrarörðugleikar (alexia)
R48.1	Túlkunarstol (agnosia)
R48.2	Verkstol (apraxia), munnlegt (oral) og mállegt (verbal)
R48.8	Aðrir og ótilgreindir örðugleikar í tengslum við táknræna úrvinnslu (other and unspecified symbolic dysfunctions), t.d. skriflegir tjáningarörðugleikar (agraphia/expressive writing), reikningsörðugleikar (acalculia) og nafngleymska (anomia)

Raddtruflanir:	
ICD-10	Kóði íslenska/enska
R49.0	Raddtruflun og hæsi (dysphonia og hoarseness), t.d. starfræn eða áunnin raddtruflun, ellitengd hæsi og barnahæsi með eða án hnúta
R49.1	Raddleysi (aphonia)
R49.2	Opið og lokað nefmæli (hypernasality/hyponasality). Tengt klofnum gómi eða klofinni vör (Q35, Q36, Q37), öðrum meðfæddum vansköpunum á mjúka gómnum (Q38) og ofstækkun á háls- og nefkirtlum (J35.1, 2, 3)
R49.8	Aðrar ótilgreindar raddtruflanir, t.d. raddþreyta (phonasthenia), raddbandalömun, langvarandi raddþreyta, filseyra (Reinker's edema), hnútar/blöðrur/æxli á raddböndum (nodules/polyps/papillomas), snertisár á raddböndum (contact ulcers), vöxtur á raddböndum (laryngeal web), raddkrampi (spastic dysphonia), raddmyndun með fölsku raddböndunum (ventricular phonation), barkakýlisleysi/stoma, opið/lokað nefmæli, gagnstæð raddmyndun og öndunarþrengsli (paradoxal vocal fold dysfunction), aðrar vefrænar/starfrænar truflanir í barkakýli sem valda taltruflun/raddtruflun.

Þroskahömlun og gagntæk þroskaröskun:	
Skilyrði fyrir greiðsluþátttöku SÍ er að fyrir liggi mat talmeinafræðings á málþroska og/ eða framburði.	
ICD-10	Kóði íslenska/enska
F70, F71, F72, F73	Væg, miðlungs, alvarleg eða djúpstæð þroskahömlun (mild, moderate, severe, profound mental retardation), óhefðbundnar tjáskiptaleiðir
F84.0	Einhverfa (autism)
F84.1	Ódæmigerð einhverfa (atypical autism)
F84.5	Asperger heilkenni (Asperger's syndrome)

Sértækar tal- og málþroskaraskanir (F80):	
Skilyrði fyrir greiðsluþátttöku SÍ er að fyrir liggi mat talmeinafræðings á málþroska og/ eða framburði. Málþroskatala skal vera 80 og undir á málþroskaprófi og/eða ákveðinn villufjölda á máhljóðaprófi (framburðarprófi), s.s. forprófi (SM/HP), máhljóðaprófi (PM), eða sambærilegu prófi.	
Framburðarfrávik:	
<ul style="list-style-type: none"> • Að 7 ára börn og eldri hafi 8 eða fleiri villur á máhljóðaprófi • Að 5 og 6 ára börn hafi 18 villur eða fleiri á máhljóðaprófi • Að 3 og 4 ára börn hafi 24 villur eða fleiri á máhljóðaprófi 	
ICD-10	Kóði íslenska/enska
F80.0	Talþroskaröskun/tilgreind framburðarröskun (Specific speech articulation disorder), sjá nánari skilyrði
F80.1	Tjáningarmálröskun (expressive language disorder)
F80.2	Skilningsmálröskun (receptive language disorder)
F80.8	Aðrar tal- og málþroskaraskanir
F80.9	Tal- og málþroskaröskun, ótilgreind

Atferlis- og geðbrigðaraskanir sem hefjast venjulega í bernsku eða á unglingsárum:	
ICD-10	Kóði íslenska/enska
F98.5	Stam eða tos (stuttering eða balbuties)*
F98.6	Tafs (cluttering)*

*Ef um sjúklinga á grunnskólaaldri er að ræða með stam, tos eða tafs gilda eftirfarandi skilyrði: Einungis er greitt fyrir sjúklinga með miðlungs til alvarlegt stam > 4%, Öll leikskólabörn með stam (miðað er við hlutfall af stömuðum atkvæðum í frásögn og lestri).

Raskanir á heyrn:	
ICD-10	Kóði íslenska/enska
H90	Leiðni- og skyntaugaheyrnartap (conductive and sensory hearing loss); skert hlustun, úrvinnsla, raddbeiting; skert aðgreining máhljóða, talskynjun (auditory discrimination), óeðlileg raddbeiting tengd heyrnardeyfu, óeðlilegur framburður tengdur heyrnardeyfu
H91	Annað heyrnartap s.s. heyrnarleysi (Deafness)

5. gr. Greining og meðferð

Í talmeinaþjónustu felst:

a) Greining.

Greining felst í skráningu sjúkrasögu, prófun allra gerða tal- og málmeina með mismunandi greiningartækjum og mat á þörf einstaklings fyrir þjónustu. Ennfremur undirbúningur og frágangur sjúkraskýrslu, útfylling eyðublaða, ritun skýrslu, viðræður og símtöl við lækna og aðra sérfræðinga um sjúkling. Auk þessa uppsetning meðferðaráttunnar, endurmat og ráðgjöf varðandi tjáskiptahjálpartæki.

b) Meðferð.

Meðferð felst í þjálfun á tal- og málmeinum, ráðgjöf og fræðslu, þjálfun í notkun hjálpartækja til tjáningar auk skráningar í sjúkraskrá, undirbúningur og eftirvinnsla.

c) Teymisvinna.

Teymisvinnu talmeinafræðings er ætlað að tryggja samfellu og samræmi í vinnu með talmein/boðskiptavanda barna. Talmeinafræðingur barns tekur þátt í teymi þess þegar fjallað er um sérsniðna málörvun með forráðamönnum og viðkomandi fagaðilum s.s. kennurum, þroskaþjálfum og sálfræðingum. Teymisvinna á við í eftirfarandi tilvikum:

- Þegar fjallað er um niðurstöður prófana.
- Þegar sett er upp áætlun um meðferð talmeinafræðings eða áætlun annarra í teyminu um þjónustu við barnið.
- Þegar talmeinafræðingur leiðbeinir viðkomandi fagaðilum. Leiðsögn talmeinafræðings með vinnu viðkomandi fagaðila.
- Þegar um er að ræða eftirfylgd með markmiðum og mati á árangri.

Frá og með 1. janúar 2018 bætist við nýr gjaldliður, **teymisvinna 20 mín.**

Heimilt er talmeinafræðingi að taka þátt í 60 mín. teymisvinnu þrisvar sinnum á 12 mánaða tímabili pr. sjúkling eða 20. mín teymisvinnu sex sinnum á 12 mánaða tímabili pr. sjúkling.

d) Hópmeðferð.

Hópmeðferð felst í þjálfun á tal- og málmeinum þriggja til sex einstaklinga samtímis, með svipuð eða sömu vandamál. Sjúkraskrá er haldin fyrir hvern og einn skjólstæðing.

e) Umsókn um tjáskiptahjálpartæki.

Með umsókn um tjáskiptahjálpartæki er átt við vinnu við gagnaöflun um tjáskiptatæki sem hentar viðkomandi skjólstæðingi s.s. samtalstæki og forrit, vinnu við umsókn um styrk vegna hjálpartækja skv. reglugerð, nú nr. 1155/2013 með síðari breytingum, til Hjálpartækjamiðstöðvar SÍ ásamt kennslu, uppsetningu og stillingu á tækjum fyrir notendur tækjanna.

f) Meðferð í nærumhverfi.

Í sérstökum tilfellum er heimilt að veita meðferð í nærumhverfi. Sérstaklega er átt við meðferð þar sem samskipti við forráðamenn og/eða fagaðila skipta sköpum en einnig ef skjólstæðingur er þannig líkamlega á sig kominn að hann kemst ekki í meðferð á stofu talmeinafræðings. Leita þarf samþykki SÍ fyrirfram fyrir meðferð í nærumhverfi. Talmeinafræðingur sendir umsókn til SÍ þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir nauðsyn þess að einstaklingurinn fái talþjálfun í nærumhverfi. Gengið er út frá því að hvorki SÍ né talmeinafræðingur beri kostnað af aðstöðu eða rými til þjálfunar.

6. gr.

Þóknun - Afslættir

Verð hvernar einingar er kr. 56,00 frá og með 1. júlí 2017.

Þegar um er að ræða talmeinafræðing, sem rekur eigin stofu, skal hámarkspóknun fyrir talmeinaþjónustu vera samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

Tölul.	Gjaldliður	Einingafjöldi
1.	Greining tal-/málmeina, sbr. 5. gr. a., ein móttaka*.	332
2.	Greining tal-/málmeina, sbr. 5. gr. a., unnin samhliða meðferð allt að fimm skipti pr. sjúkling. (Kemur í stað greiningar í einni móttöku, 1. tl. og má innheimta með meðferð skv. tölulíð 3)*.	66,4
3.	Meðferð, sbr. 5. gr. b., 30 mín.	124,5
4.	Meðferð, sbr. 5. gr. b., 40 mín.	166
5.	Meðferð, sbr. 5. gr. b., 60 mín.	249
6.	Teymisvinna, sbr. 5. gr. c., 60 mín.	249
7.	Teymisvinna, sbr. 5. gr. c., 20 mín.	83
8.	Samtímameðferð tveggja sjúklinga, sbr. 5. gr. b., 60 mín.	166
9.	Hópmeðferð, sbr. 5. gr. d., 60 mín.	124,5
10.	Umsókn um tjáskiptahjálpartæki, sbr. 5. gr. e.	166
11.	Meðferð í nærumhverfi, sbr. 5. gr. f.	166

*Heimilt er að innheimta fyrir greiningu eftir þörfum en þó ekki oft en einu sinni á 8 mánaða tímabili (hámark 332 einingar), sbr. 1. eða 2. tölulíð.

Heimilt er að nota meðferð skv. 2. og 3., 4. eða 5. tölulíð tvisvar sama dag í þeim tilfellum þegar sjúklingur er að koma um langan veg (lengra en 35 km.) til meðferðar. Í þeim tilfellum skal sjúklingur einnig greiða fyrir tvær meðferðir, sbr. 8. gr.

Með tilgreindum tíma í töluliðum 3 til 8 er átt við viðveru talmeinafræðings með sjúklingi, utan töluliðar 6 þar sem átt er við viðveru með forráðamönnum og viðkomandi fagaðilum, sbr. 5. gr. c.

Talmeinafræðingur, sem hefur leyfi SÍ til að starfa hjá endurhæfingarstöð eða stofnun í eigu annarra, sbr. 2. gr., skal fá í þóknun 2/3 hluta framangreindra eininga, en leggi hann fram bókhaldsgögn sem sýna að hann hefur útlagðan rekstrarkostnað er nemur a.m.k. 1/3 af tekjum fær hann fullan taxa. Til rekstrarkostnaðar telst m.a. kostnaður vegna húsaleigu, hita, rafmagns og síma.

Talmeinafræðingur skal veita afslátt af reikningum sínum miðað við eftirtalinn árlegan einingafjölda:

358.000 – 459.000 einingar:	8% afsláttur
fleiri en 459.000 einingar:	32% afsláttur

Uppgjör afsláttar skal fara fram tvisvar á ári, í febrúar fyrir tímabilið júlí – desember og í september fyrir tímabilið janúar - júní. Lokauppgjör afsláttar fer þó fram miðað við samningstíma. Afsláttur reiknast hlutfallslega fyrir brot úr ári.

Þrátt fyrir að talmeinafræðingar megi senda inn reikninga í nafni fyrirtækis, sbr. 9. gr., skal afsláttur reiknaður fyrir hvern og einn talmeinafræðing.

Einingarverð breytist einu sinni á ári eða þann 1. febrúar ár hvert í samræmi við launa- og verðlagsforsendur fjárlaga hvers árs, í fyrsta sinn 1. febrúar 2018. Skal miða við að 75% sé vegna launakostnaðar og 25% vegna annars kostnaðar.

7. gr. Meðferðarbeiðni

Beiðni um talþjálfun:

Áður en meðferð hefst skal liggja fyrir skriflegt samþykki SÍ um greiðsluskyldu stofnunarinnar, byggt á fyrirliggjandi meðferðarbeiðni læknis, sjá nánar vinnureglur og skilyrði í fylgiskjali I og beiðni um talþjálfun í fylgiskjali III.

Beiðni um viðbótar- eða langtímameðferð:

Talmeinafræðingur getur sótt um viðbótar- eða langtímameðferð fyrir skjólstæðing þegar sjúkdómsgreining gefur tilefni til reglubundinnar meðferðar til langs tíma, sjá nánar vinnureglur og skilyrði fylgiskjal I og beiðni um viðbótar- eða langtímameðferð í fylgiskjali IV.

8. gr. Greiðsluhluti sjúklinga

Fyrir talþjálfun samkvæmt samningi þessum greiðir sjúklingur gjald skv. reglugerð um greiðsluþáttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, nú reglugerð nr. 314/2017. SÍ greiða fyrir talþjálfun samkvæmt 6. gr. samnings þessa að frádregnum hluta sjúklings.

9. gr. Reikningar

Reikningur talmeinafræðings skal fullnægja ákvæðum laga og reglugerða um form.

Talmeinafræðingar skulu senda SÍ reikningsupplýsingar sínar daglega með rafrænum hætti skv. færslulýsingu sem SÍ hafa samþykkt, sbr. samning SÍ og notanda vegna tengingar við upplýsingakerfi SÍ. Reikningsupplýsingar skulu vera á stöðluðu formi og skal auk nafns og kennitölu, koma fram upplýsingar um hvaða dag verkið var unnið, heiti gjaldskrárlíðar, einingafjölda og greiðsluhlutur sjúklings.

Sjúklingur skal staðfesta hvert meðferðarskipti með undirskrift sinni og fá kvittun fyrir greiðslu sjúklingshluta, þar sem gjaldskrárlíður kemur fram. Allar upplýsingar um meðferðarskipti og greiðsluhlut sjúklings skulu sendar SÍ, sbr. ofangreint.

SÍ skulu greiða andvirði reikninga inn á bankareikning viðkomandi aðila innan 10 virkra daga frá móttöku þeirra, séu þeir athugasemdarlausir. SÍ geta hvenær sem er óskað skýringa á reikningi og ber verksala að gefa þær. Meðan ekki hefur fengist skýring er heimilt að:

- greiða reikning með fyrirvara
- hafna greiðslu reiknings.

Fylgiskjöl og rafræn samskipti aðila skal varðveita í samræmi við ákvæði laga nr. 145/1994 um bókhald.

Fyrirtækjum sem eru alfarið í eigu talmeinafræðinga er við þau starfa skal vera heimilt að senda SÍ reikninga fyrir verk sem unnin eru af talmeinafræðingum sem hafa heimild til að vinna eftir samningi þessum. Einstakir reikningar skulu þó eftir sem áður merktir viðkomandi talmeinafræðingi. Þessi reikningsskilamáti skal í engu breyta stöðu talmeinafræðings gagnvart sjúkratryggðum og SÍ.

10. gr. Skráning upplýsinga

Talmeinafræðingar skulu skrá í sjúkraskrá upplýsingar um hvern sjúkling og veitta meðferð. Um aðgang að sjúkraskráum færðum af talmeinafræðingi gilda ákvæði 46. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.

11. gr. Ábyrgð

Talmeinafræðingur skal hafa fullnægjandi starfsábyrgðar- og sjúklingatryggingu hjá viðurkenndu váttryggingafélagi.

12. gr. Álitamál

Talmeinafræðingur eða SÍ geta hvor um sig óskað eftir fundi þar sem aðilar fara yfir álitamál varðandi samninginn og samskipti bæði innbyrðis og við hina sjúkratryggðu.

13. gr.

Eftirlit

Í samræmi við 1. mgr. 45. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar skulu SÍ hafa eftirlit með starfsemi samningsaðila sem miðar að því að tryggja að tegundir, magn, gæði, kostnaður og árangur þjónustu sé í samræmi við gerða samninga. Stofnunin hefur samráð við landlækni um fyrirkomulag og framkvæmd eftirlits.

Eftirlit SÍ getur m.a. falist í greiningu innsendra gagna, bréfaskiptum við talmeinafræðinga og lækna og heimsóknnum á starfsstofur. Talmeinafræðingum er skylt að veita læknum eða eftir atvikum öðrum heilbrigðisstarfsmönnum SÍ þær upplýsingar sem stofnuninni eru nauðsynlegar vegna greiðslna skv. samningi þessum og vegna eftirlitshlutverks stofnunarinnar.

Landlæknir hefur eftirlit með að framangreind þjónusta uppfylli faglegar kröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu og uppfylli ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma.

14. gr.

Vanefndir og aðgerðir vegna vanefnda

Komi í ljós verulegur misbrestur á því að talmeinafræðingur uppfylli skyldur sínar skv. samningi þessum hafa SÍ heimild til að rifta honum og heimta bætur fyrir fjártjón af viðkomandi talmeinafræðingi. Með sama hætti skal talmeinafræðingi heimilt að rifta samningi þessum gagnvart SÍ ef verulegur misbrestur verður á því að stofnunin uppfylli skyldur sínar skv. honum. Heimild aðila til að heimta bætur á einnig við eftir að samningi aðila lýkur.

Sannist vanefndir skulu aðgerðir SÍ vegna þeirra byggjast á málefnalegum sjónarmiðum, sbr. 48. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.

15. gr.

Lok starfsemi og fleira

Talmeinafræðingur, sem ekki vill lengur starfa samkvæmt samningi þessum, skal tilkynna það skriflega til SÍ með eins mánaðar fyrirvara miðað við mánaðamót. Sama gildir um talmeinafræðing sem hyggst fara tímabundið í leyfi frá störfum, þó að hámarki tvö ár.

SÍ er heimilt með sama uppsagnarfresti að segja samningi þessum upp gagnvart talmeinafræðingi, sem uppfyllir ekki skyldur sínar skv. samningnum. Sé um misferli að ræða, geta SÍ þó fyrirvaralaust sagt upp samningnum gagnvart viðkomandi talmeinafræðingi.

Komi til bótakröfu SÍ á hendur talmeinafræðingi er viðurkenndur réttur stofnunarinnar til að annast einnig kröfu vegna greiðsluhluta þess sjúkratryggða.

16. gr.

Dómsmál

Rísi mál út af samningi þessum skal það lagt fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur.

17. gr.
Gildistími

Samningur þessi gildir frá og með 1. nóvember 2017 til og með 31. október 2019 og kemur í stað rammasamnings dags. 7. júlí 2016. Hann öðlast þó ekki gildi fyrr en hann hefur verið staðfestur af heilbrigðisráðherra. Heimilt er að framlengja samninginn um eitt ár einu sinni.

Hafi nýr samningur ekki komist á við lok samningstímans skal starfað áfram eftir samningi þessum einn mánuð í senn, meðan báðir aðilar samþykkja, þó ekki lengur en til 31. október 2020.

18. gr.
Fyrirvarar

Fjárhæðir í samningi þessum eru settar fram með fyrirvara um ákvörðun Alþingis um fjárveitingu á fjárlögum og með fyrirvara um að stjórnvöld kunni að ákveða aðrar viðmiðanir við undirbúning fjárlaga vegna aðstæðna í ríkisfjármálum á hverjum tíma. Þannig verður heimilt að gera ráð fyrir aðhaldi eða hagræðingu í rekstri þeirra verkefna sem samningurinn tekur til í sama mæli og hjá heilbrigðisstofnunum taki stjórnvöld ákvörðun um það við gerð fjárlaga, enda lækki kröfur um afköst á móti.

Komi til breytinga á fjárveitingu til verkefnisins skulu samninganefndir aðila taka upp viðræður um að aðlaga verkefnið að breyttri fjárveitingu. Allar breytingar á ákvæðum samnings þessa skulu aðilar gera skriflega í viðauka.


Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki heilbrigðisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra.

Ákvæði til bráðabirgða


Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. samningsins verða þeir talmeinafræðingar, sem áttu aðild að eldri rammasamningi í október 2017, sjálfkrafa aðilar að samningi þessum. Vilji talmeinafræðingur sem starfað hefur skv. fyrri rammsamningi ekki starfa eftir rammasamningi þessum sendir hann einfalda tilkynningu þar um til SÍ fyrir 1. desember 2017.

Reykjavík, 3. nóvember 2017

F.h. Sjúkratrygginga Íslands



Staðfesting heilbrigðisráðherra



Staðfesting fjármála- og efnahagsráðherra

Vinnureglur og skilyrði Frummeðferð, viðbótarmeðferð og langtímameðferð

Vinnureglum þessum er ætlað að tryggja að einstaklingar sem falla undir skilyrði skv 4. gr. með miklar tal- og málþroskaraskanir njóti greiðsluþátttöku SÍ vegna nauðsynlegrar talþjálfunar umfram 20 skipti á ári, sbr. 3. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 314/2017. Einnig einstaklinga þar sem veikindi leiða til mjög skertar hæfni til að tjá sig í töluðu máli og talþjálfunin er nauðsynlegur hluti af endurhæfingarferli.

Þegar tal og málþroskaraskanir eru metnar skal nota stöðluð matstæki, sjá nánar lista yfir matstæki í fylgiskjali II.

1. Frummeðferð

Frummeðferð felur í sér allt að 20 skipti og gildir í 12 mánuði frá því að meðferð eða greining hefst hjá talmeinafræðingi sem starfar samkvæmt samningi þessum.

Umsókn um frummeðferð. Áður en frummeðferð hefst skal liggja fyrir meðferðarbeiðni læknis og sjúkdómsgreining. Niðurstöður prófunar skulu sendar SÍ sem greiðir annað hvort greiningu og/eða frummeðferð (greining og meðferð). Skriflegt samþykki SÍ um greiðsluþátttöku þarf að liggja fyrir áður en meðferð hefst.

Meðferðarbeiðni læknis gildir í 12 mánuði. Sé meðferðarbeiðni læknis fallin úr gildi áður en greining og/eða frummeðferð hefst skal óska eftir framlengingu á beiðni í allt að 12 mánuði til viðbótar.

2. Viðbótarmeðferð

Sjúkratryggður getur átt rétt á nauðsynlegri viðbótarmeðferð umfram 20 skipti sbr. reglugerð nr. 314/2017. Skilyrði greiðslu er að SÍ hafi samþykkt slíka meðferð áður en hún er veitt. Viðbótarmeðferð er veitt í allt að 15 skipti á 12 mánaða tímabili á meðan beiðni er í gildi.

Umsókn um viðbótarmeðferð. Þegar sótt er um viðbótarmeðferð í talþjálfun, á 12 mánaða tímabili, þarf að fylla út umsókn um viðbótarmeðferð. Skilyrði fyrir greiðsluþátttöku SÍ skulu vera uppfyllt í umsókn, *sjá skilyrði fyrir greiðsluþátttöku SÍ fyrir viðbótar- og langtímameðferð hér að neðan*. Þegar útfylling er lokið er skjalið sent til SÍ.

- Ef nauðsyn er talin vera fyrir viðbótarmeðferð er SÍ heimilt, samkvæmt umsókn, að ákvarða viðbótarmeðferð í talþjálfun.
- Ef þau skilyrði sem fram koma í umsókn um viðbótarmeðferð eru ekki uppfyllt er frekari greiðsluþátttöku SÍ í talþjálfun hafnað og viðkomandi aðilum sent bréf þess efnis frá SÍ.

3. Langtímameðferð

Sjúkratryggður getur átt rétt á nauðsynlegri langtímameðferð þegar sjúkdómsgreining gefur tilefni til reglubundinna meðferðar til langs tíma. Skilyrði greiðslu er að SÍ hafi samþykkt slíka meðferð áður en meðferð er veitt. Heimilt er að samþykkja langtímameðferð í allt að 5 ár.

Umsókn um langtímameðferð. Talmeinafræðingur sendir umsókn um langtímameðferð til SÍ og afrit til meðhöndlandi læknis. Ef hlé hefur orðið á meðferð og beiðni er ekki í gildi þarf ný beiðni læknis að berast til SÍ. Þegar sótt er um langtímameðferð í talþjálfun þarf að koma fram í umsókn að skilyrði fyrir greiðsluþátttöku SÍ séu uppfyllt, *sjá skilyrði fyrir greiðsluþátttöku SÍ fyrir viðbótar- og langtímameðferð hér að neðan*. Með beiðni þarf að fylgja greinagerð um

ástæður fyrir fyrir langtímameðferð, áætluð meðferðartíðni og tímalengd (sjá leiðbeiningar í fylgiskjali VI).

Skilyrði fyrir greiðsluþátttöku SÍ fyrir viðbótar- og langtímameðferð

Uppfylla þarf bæði lið A og B:

A. Annað eftirfarandi skilyrða þarf að vera uppfyllt:

1. Tal- og málþroskaraskanir falla enn innan þeirra viðmiða sem fjallað er um í 4. gr. rammaáamnings SÍ.*
2. Talþjálfun er nauðsynleg til að hindra frekari færniskerðingu t.d. í kjölfar aðgerða, veikinda, slysa eða afleiðinga langvinnra sjúkdóma.

B. Talþjálfunin er nauðsynleg vegna einhverra eftirtalinna þátta:

- Talþjálfun vegna fötlunar, meðfæddra vansköpunar eða vegna frávíka frá eðlilegum tal- og málþroska.
- Talþjálfun sem er nauðsynlegur liður í meðferð eða endurhæfingu vegna eftirtalinna langvinnra sjúkdóma, aðgerða, slysa eða annars ástands þar sem sýnt þykir að þjálfunin geti seinkað eða komið í veg fyrir meiri háttar færniskerðingu í skilningi og tjáningu máls:
 - Taugasjúkdómar eins og málstol, Parkinson, MS, MND, vöðvarýrnunarsjúkdómar eða sambærilegt.
 - Aðgerðir á munnholi, koki, barkakýli og/eða barka.
 - Kyngingartregða vegna sköddunar í taugum/vöðvum eða skaða í heila/heilastofni.

***Vafamál:** Ef greinilegt bataferli er í gangi með endurteknum mælingum en ekki hefur þó náðst ásættanlegur árangur og talmeinafræðingur telur áframhaldandi talþjálfun nauðsynlega, er í sérstökum undantekningartilvikum heimilt að samþykkja viðbótar meðferð þó svo að tal- og málþroskaraskanir falli ekki lengur innan þeirra viðmiða sem fram koma í 4. gr. Með umsókn skal þá fylgja ítarlegur rökstuðningur talmeinafræðings þar sem fram kemur niðurstaða skoðunar og endurmats (framför í meðferð í máli og tjáningu), meðferðaráætlun og markmið meðferðar.

Listi yfir mælitæki sem notuð eru af sjálfstætt starfandi talmeinafræðingum*

- **Orðaskil**
- **Told, 2P, 2I og fleiri útgáfur**
- **Reynell allar útgáfur**
- **PLS 3 og 4,**
- **CELF preschool 3 og 4**
- **PPVT**
- **REEL**
- **CCC**
- **Málsýni**
- **Brachen**
- **Wigg Assessment of Basic Concepts**
- **Framburðarpróf Sigríðar Magnúsdóttur og Höskuldar Þráinssonar**
- **Málhljóðapróf Þóru Másdóttur**

***Listinn er ekki tæmandi.**



Beiðni um talþjálfun

Meðferð hjá talmeinafræðingi sem starfar samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands



Rauðarárstíg 10
150 Reykjavík
Sími 515-0000
www.sjukra.is

1. Nafn sjúklings		2. Kennitala
3. Nafn forráðamanns ef sjúklingur er yngri en 18 ára	4. Kt. forráðamanns	5. Heimasími/vinnusími

6. Sjúkdómsgreining	7. ICD 10
---------------------	-----------

Umsögn læknis

8. Ágrip. Sjúkrasaga
9. Tegund þjálfunar
10. Fyrirmæli til þjálfara um meðferð
11. Nafn læknis, aðsetur, sími, netfang og læknisnúmer
12. Dagsetning og undirskrift læknis

Umsögn og meðferðaráætlun talmeinafræðings

13. Greining	
14. Málproska próf	15. Málproskatala
16. Framburðarröskun	
17. Meðferðaráætlun	
18. Nafn talmeinafræðings, aðsetur, sími, netfang og kennitala	
19. Dagsetning og undirskrift talmeinafræðings	

Beiðni um viðbótar- eða langtímameðferð í talþjálfun

Viðbótar- eða langtímameðferð hjá talmeinafræðingi sem starfar samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands

 **Sjúkratryggingar Íslands**
 Rauðarárstíg 10
 150 Reykjavík
 Sími 515-0000
 www.sjukra.is

1. Nafn sjúklings		2. Kennitala
3. Nafn forráðamanns ef sjúklingsur er yngri en 18 ára	4. Kt. forráðamanns	5. Sjúkdómsgreining
6. Tilvísandi læknir		

7. Óskað er eftir:
<input type="checkbox"/> Viðbótarmeðferð (hámark 15 skipti á 12 mánaða tímabili. Alls fjöldi skipta: <input type="checkbox"/> Langtímameðferð*. Tímalengd meðferðar:
8. Eftirfarandi skilyrði þurfa að vera uppfyllt:
<input type="checkbox"/> Tal- og málþroskaraskanir falla enn innan þeirra viðmiða sem sett eru fyrir greiðsluþátttöku sjúkratrygginga Íslands. <input type="checkbox"/> Talþjálfun er nauðsynleg til að hindra frekari færniskerðingu t.d. í kjölfar aðgerða, veikinda, slysa eða afleiðinga langvinnra sjúkdóma.
9. Nánari lýsing á ástandi sjúklings:

10. Málþroska próf	11. Málþroskatala
12. Framburðarröskun	
13. Nafn talmeinafræðings, aðsetur, sími, netfang og kennitala	
14. Dagsetning	15. Undirskrift talmeinafræðings

*Greinagerð skal fylgja beiðni um langtímameðferð.



Leiðbeiningar Greinagerð með beiðni talmeinafræðings um langtímameðferð.

Ástæða umsóknar: Hvers vegna þarf langtímameðferð fyrir þennan sjúkling.

Dagsetning beiðni.

Núverandi ástand sjúklings: Niðurstaða síðustu skoðunar. Hvaða þættir eru utan eðlilegra marka og best lýsandi fyrir ástand sjúklings.

Gangur meðferðar: Hvað hefur áunnist í meðferðinni hingað til. Nota skal stöðluð matstæki og nauðsynlegt er að fram komi breytingar yfir meðferðartímabilið mælt með því matstæki.

Markmið langtímameðferðar: Hvaða markmiðum ætlar talmeinafræðingur að ná í langtímameðferð. Æskilegt er að sett séu fram færnimiðuð markmið meðferðar.

Meðferðaráætlun: Hversu oft í viku er gert ráð fyrir að sjúklingur þurfi að koma og í hversu langan tíma.

Afla skal samþykkis SÍ **fyrirfram**.

Umsókn skal senda til SÍ. Stefnt er að rafrænni innleiðingu á samingstímabilinu. Svör eru síðan send til umsóknaraðila. Ef umsókn um langtímameðferð er samþykkt, framlengist beiðni sjálfkrafa um þann tíma/skiptafjölda sem samþykktur er. Aldrei er þó hægt að framlengja beiðni lengur en 5 ár.

Umsókn um aðild að samningi talmeinafræðinga og Sjúkratrygginga Íslands



Rauðarárstíg 10
150 Reykjavík
Sími 515-0000
www.sjukra.is

1. Nafn talmeinafræðings		2. Kennitala
3. Dagsetning á útgáfu löggildingar	4. Meðfylgjandi sérfræðileyfi? <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei	5. Sjálfstæður rekstur hefst/hófst:

6. Nafn starfsstofu		7. Kennitala starfsstofu	
8. Aðsetur starfsstofu	9. Netfang	10. Afgreiðslutími	

11. Starfar talmeinafræðingur annarsstaðar? Hvar?	
12. Starfshlutfall sem sjálfstætt starfandi:	13. Starfshlutfall sem launþegi:
14. Eftirtalin gögn þurfa að fylgja umsókn: <input type="checkbox"/> Staðfesting á sjúklingatryggingu <input type="checkbox"/> Staðfesting á starfsábyrgðartryggingu (frjáls ábyrgðartrygging) <input type="checkbox"/> Löggilding <input type="checkbox"/> Staðfesting landlæknis fyrir að talmeinafræðingur hefji sjálfstæðan rekstur	
15. Athugasemdir:	

16. Greiðslur Sjúkratrygginga Íslands skv. ofangreindum samningi skal greiða inn á eftirfarandi reikning:
Banki höfuðb. Reikningsnr.

17. Staður og dagsetning	18. Undirskrift talmeinafræðings
--------------------------	----------------------------------